

**35** eptirrit af brjefi yðar til póstmeistarans, 12. jan. þ. á., svo og af erindi pósta-  
3. marz. greiðslumannsins á Grenjadarstað, dags. 28. desbr. f. á., er hjer með fylgir á-  
samt 1. fylgiskjali.

**Brjef landshöfðingja til hreppsnefndaroddivitans í Stafholtstungna-  
hreppi, um greiðslu á sýsluvegagjaldi.** — Út af fyrirspurn yðar í brjefi  
3. marz. dags. 11. jan. þ. á., viðvikjandi niðurföfnun á sýsluvegagjaldi á hreppsþúa, skal  
yður hjer með tjáð, að það er misskilningur, að hreppsnefndirnar eigi að jafna  
sýsluvegagjaldinu sem sjerstakri greiðslu niður á gjaldendur í hreppnum. Gjald-  
inu er samkvæmt lögum 10. nóv. 1887, 10. gr., jafnað niður á hreppsfjelögin í  
heild sinni, þannig að sú upphæð, sem lögd er á hvert hreppsfjelag, er miðuð  
við tölu verkfærra manna í hreppnum. En gjaldið hvílir beinlínis á sveitar-  
sjóðunum, ekki þannig, að sjóðirnir að eins ábyrgist greiðsluna, heldur eru sjóð-  
irnir sjálfir gjaldskyldir samkvæmt lögnum. Nú er það skýrt tekið fram í  
lögum nr. 1, 9. jan. 1880, 1. gr., að hreppsnefndirnar eiga á hverju ári að gjöra  
áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsfjelagsins, og að því leyti er fátækra-  
tíundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva ekki fyrir útgjöldunum, jafna niður  
því sem á vantar á alla, sem eiga lögheimili í hreppnum, eptir efnum og ástandi,  
á tímabilinu frá 1.—20. októbermán. ár hvert. Meðal útgjalda þeirra, sem á  
að taka upp í ofangreinda áætlun, er og það gjald, er hreppsfjelaði á að inna  
af hendi til vegagjörða í sýslunni, og telst það með í því, er jafna ber niður,  
et fátækra tíund og aðrar tekjur ekki hrökkva til, en ef eitthvert hreppsfjelag  
væri, sem engin útgjöld hefði til fátækra og annars slíks kostnaðar, gengi fá-  
tækra tíundin og aðrar tekjur til greiðslu á sýsluvegagjaldi hreppssjóðsins.

Af hinu framanritaða er það væntanlega ljóst, að það tillag, er hver  
gjaldandi greiðir til sýsluvega, er jafnaðarlega innifalið í hinu almenna útsvari,  
og er að öllu sömu reglum háð.

**37** **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði, um ýmislegt**  
3. marz. **er snertir fjárstjórn kaupstaða.** — Jafnframt því að endursenda yð-  
ur, herra bæjarfógeti reikning yfir tekjur og gjöld Ísafjarðar kaupstaðar 1890  
með fylgiskjöllum, ásamt athugasemdum endurskoðanda og úrskurðum bæjar-  
stjórnarinnar, skal jeg með skírskotun til brjefs míns 20. nóv. f. á. taka fram,  
að þó að hið svo kallaða svar bæjargjaldkerans sje sem alls ekkert, þá verður  
í þetta sinn að láta hjer við lenda, þar sem úrskurðum bæjarstjórnarinnar hef-  
ur verið lokið áður en nýnefnt brjef mitt barst yður; en eptirleidis vona jeg  
að þjer gætið þess, að bæjargjaldkerinn, eða þá þeir bæjarfulltrúar eða nefndir  
úr bæjarstjórninni, sem hlut eiga að máli, gegni þeirri skyldu sinni að svara  
athugasemdunum að fullu, og að endurskoðanda gefist síðan kostur á að koma  
fram með tillögur sínar.

Út af úrskurðum bæjarstjórnarinnar við ofanefndan reikning skal jeg  
að öðru leyti benda yður á, að áætlun sú um tekjur og gjöld kaupstaðarins,

sem um ræðir í 19. gr. bæjarstjórnarlaganna, á, eptir að hún hefur verið samþykkt og legið gjaldendum til sýnis, að vera regla fyrir allri fjárstjórn bæjar- 37  
ins það ár, sem hún er gjörð fyrir, að sinu leyti eins bindandi í hverjum ein- 3.marz.  
stökum lið fyrir bæjarstjórnina og starfsmenn hennar, eins og fjárlögin fyrir landsstjórnina. Uppi þessa áætlun ber að taka öll gjöld, sem fyrir verða sjeð, og sem samþykkt er að greiða, en óheimilar eru allar greiðslur, sem ekki er gjört ráð fyrir í áætluninni með tiltekinni eða áætlaðri upphæð; það er vita- skuld, að útgjöldin þurfa að vera svo sundurliðuð í áætluninni, sem unnt er, svo að gjaldendur sjái, hver gjöld eru fyrir hendi, en það er engin sundurliðun, að áætla ríflega upphæð fyrir »óviss gjöld«, og heimfæra svo þar undir hvað sem í hug kemur.

Loks skal jeg út af niðurlaginu á úrskurði bæjarstjórnarinnar taka fram, að það er misskilningur, að endurskoðandi eigi ekki að gjöra athugasemdir við gjörðir og ályktanir bæjarstjórnarinnar. Verksvið hans er engan vegin bundið við reikningsvillur í reikningi bæjargjaldkera, heldur á hann, sem er kosinn af öllum kjósendum í bænum eins og bæjarfulltrúarnir, einmitt að athuga vandlega, hvort tekjur eru rjett tilfærðar og gjöld rjettilega greidd og í reikning færð, hvort áætluninni hefur verið fylgt, svo sem vera ber, og yfir höfuð aðgæta, hvort allt það, er lýtur að fjárhagsstjórninni, og reikningurinn hljóðar um, hefur verið í rjettu lagi. Hvort það er heppilegt fyrirkomulag, að bæjarstjórn úrskurði sjálf athugasemdir, er að hennar eigin gjörðum lúta, er þessu máli óviðkomandi, og verður ekki af því leidd nein ályktun um, að endurskoðanda sje óheimilt að koma með slíkar athugasemdir.

## Reikningur

38

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Árnasonar árið 1891.

	kr. a.	kr. a.
Tekjur:		
1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1891 B. 2. bls.):		
a. innritunarskirteini ltra. A. fol. 103 . . . . .	34000 00	
b. veðskuldabryjef . . . . .	5100 00	
c. í landsbankanum með sparissjóðskjörum . . . . .	875 90	39975 90
2. Ársvextir:		
a. af innritunarskirteini til $\frac{11}{6}$ og $\frac{11}{12}$ 91 . . . . .	1190 00	
b. af veðskuldabryjefum til $\frac{11}{6}$ 91 . . . . .	204 00	
c. af fje í landsbankanum til $\frac{31}{12}$ 91 . . . . .	39 99	1433 99
	Samtals:	41409 89
Gjöld:		
1. Líffje Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans, til $\frac{11}{6}$ og $\frac{11}{12}$ 91 . . . . .		400 00
2. Sjóður í árslok:		
a. innritunarskirteini ltra. A. fol. 103 . . . . .	34000 00	
	Flyt:	400 00